



**Count on it.**


**Notendahandbók**

# 152 cm og 183 cm DFS E-Z Vac™ söfnunarkerfi

## Z500 Series Z Master® sláttuvélar

Tegundarnúmer 78544—Raðnúmer 280000001 og upp úr

Tegundarnúmer 78545—Raðnúmer 280000001 og upp úr



G008034




# Inngangur

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörinni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörinni. Eigandi ber ábyrgð á rétri og öruggri notkun vörunnar.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum [www.Toro.com](http://www.Toro.com) til að nálgast kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.


Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** og **Mynd 2** sýna hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörinni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.



**Mynd 1**

1. Staðsetning blásarategundar og raðnúmers

Tegundarnúmer _____
Raðnúmer _____



**Mynd 2**

Raðnúmer safnara

1. Staðsetning safnarategundar og raðnúmers

Tegundarnúmer _____
Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (**Mynd 3**), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



**Mynd 3**

1. Öryggistákn

Þessi handbók notar tvö orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ táknar mikilvægar, almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

## Efnisyfirlit

Öryggi .....	3
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar .....	4
Uppsetning .....	5
1 Sláttuvélin undirbúin .....	6
2 Uppsetning festingar safnara .....	6
3 Handfang sett á .....	8
4 Allir festiboltar hertir .....	9
5 Safnari settur upp .....	9
6 Blásarareimin leidd inn í blásarann.....	10
7 Blásari settur upp .....	10
8 Stærðarstilling á efra rörinu fyrir 152 cm sláttuvélar með bensínvél .....	12
9 Uppsetning losunarröra .....	13
10 Uppsetning reimarhlífar .....	16

# Öryggi

Eftirfarandi listi inniheldur öryggisupplýsingar fyrir Toro-vörur og aðrar öryggisupplýsingar sem vert er að hafa í huga.

- Lærið örugga notkun búnaðarins, stjórnækjanna og öryggismerkinganna.
- Sýnið sérstaka aðgát með grassafnara og annan tengibúnað. Tengitæki geta breytt vinnslueiginleikum og stöðugleika sláttuvélarinnar.
- Fylgið tilmælum framleiðandans þegar hjólalóð eða mótvægi er sett á eða tekið af til að auka stöðugleika.
- Notið ekki grassafnara í miklum halla. Þungur grassafnari getur valdið stjórnmissi eða velt sláttuvélinni.
- Hægið ferðina og sýnið aukna aðgát í brekkum. Gætið þess að aka í ráðlagðri stefnu í brekkum. Ástand undirlags getur haft áhrif á stöðugleika sláttuvélarinnar. Gætið fyllstu varúðar þegar unnið er nærri háum bökkum. Frekari upplýsingar um vinnu nálægt halla og háum bökkum eru í *notendahandbók* sláttuvélarinnar.
- Tryggið að allar hreyfingar í halla séu hægar og jafnar. Ekki gera skyndilegar breytingar á hraða, stefnu eða beygjum.
- Grassafnarinn getur hindrað útsýni aftur fyrir. Sýnið sérstaka aðgát þegar sláttuvélinni er bakkað.
- Sýnið aðgát þegar sláttuvélin er sett á eða tekin af eftirvagni eða palli. Ef aka á sláttuvélinni á pall eða eftirvagn með fullan safnara skal ávallt bakka upp skábrautina.
- Vinnið aldrei með losunarhlífina uppi, án losunarhlífar eða með breytta losunarhlíf nema þegar grassafnari er notaður.
- Haldið höndum og fótum frá hreyfanlegum hlutum. Ekki breyta neinum stillingum þegar vélin er í gangi.
- Stöðvið á jafnsléttu, aftengið drif, setjið skorður við dekkinn og drepjið á vélinni áður en stigið er upp úr sæti stjórnanda, sama hver ástæðan er, þar með talið að tæma grassafnarann eða losa stíflu úr rennunni.
- Ef grassafnarinn er fjarlægður þarf að setja upp losunarhlífina sem kann að hafa verið tekin af þegar grassafnarinn var settur á. Ekki vinna á sláttuvélinni án þess að allur grassafnarinn eða grashlífin sé á sínum stað.
- Drepið á vélinni áður en grassafnarinn er tekinn af eða stífla er losuð úr rennunni.
- Ekki geyma gras í grassafnarinum.
- Íhlutir grassafnarans slitna, skemmast og tærast og það getur valdið því að hreyfanlegir hlutar sjást eða hlutir skjóttast út frá safnarinum. Skoðið

11 Lóð sett á .....	16
12 Stöðuhemill stilltur .....	17
13 Þrýstingur hjólbarða kannaður .....	17
Notkun .....	18
Stilling stýriplötu .....	19
Safnarinn tæmdur .....	19
Stíflulosun í söfnunarkerfinu .....	19
Safnari tekinn af .....	19
Grashlífin notuð .....	20
Sláttuvélar fluttar .....	20
Ábendingar um notkun .....	20
Viðhald .....	22
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir .....	22
Þrif á hlíf safnarans .....	22
Söfnunarkerfið þrifið .....	22
Skoðun blásarareimar .....	22
Skipt um blásarareim .....	22
Skoðun og stilling klinku blásarans .....	23
Milliarmur og pinni handfangs smurðir .....	23
Söfnunarkerfið skoðað .....	24
Lokun hlera stillt .....	24
Opnun hlera stillt .....	24
Stilling á klinkum .....	25
Skoðun sláttuvélarhnífa .....	25
Sláttuvélarhnífarnir settir á .....	25
Grashlíf sett á .....	25
Geymsla .....	26
Bilanaleit .....	27

Íhluti reglulega og skiptið út fyrir varahluti sem framleiðandi mælir með, gerist þess þörf.

## Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



1-653554

decal1-653554



106-3339

decal106-3339




1-653558

decal1-653558



98-5954

decal98-5954



103-3507

decal103-3507

# Uppsetning

## Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
<b>1</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Undirbúið sláttuvélina.
<b>2</b>	Festing safnara Hliðarplata safnara Stöðuhólkur Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{2}$ tommur) Bolti ( $\frac{3}{8}$ x 1 tomma) (einungis fyrir Z593-sláttuvélar) Sjálflæsandi ró ( $\frac{3}{8}$ tommur) Sveigð skinna	1 2 2 14 2 14 14	Setjið upp festingu safnarans.
<b>3</b>	Handfang Skinna Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ tommur) Splittboltagormur Lásró ( $\frac{3}{8}$ tomma)	1 2 3 1 3	Setjið handfangið á.
<b>4</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Herðið alla festibolta.
<b>5</b>	Safnari Splitti Splitti	1 2 2	Setjið safnarann á.
<b>6</b>	Blásarareim (úr blásara- og drifsettinu)	1	Leiðið blásarareimina inn í blásarann.
<b>7</b>	Blásari (úr blásara- og drifsettinu) Gormur (úr blásara- og drifsettinu)	1 1	Setjið blásarann upp.
<b>8</b>	Efra rör	1	Stillið stærð á efra rörinu fyrir 152 cm sláttuvélar með bensínvél.
<b>9</b>	Efra rör Neðra rör Bolti (#10 x $\frac{3}{4}$ tommur) Lásró (#10) Skinna (7/32 tommur)	1 1 3 3 3	Setjið upp losunarrörin.
<b>10</b>	Reimarhlíf (úr blásara- og drifsettinu)	1	Komið reimarhlífinni fyrir.
<b>11</b>	Lóð eltihjóls (ef með þarf) U-bolti Ró ( $\frac{1}{2}$ tomma) Lásskinna ( $\frac{1}{2}$ tomma) Plata Topplóð (aðeins fyrir 153 cm sláttubúnaðarpalla)	2 2 4 4 2 2	Setjið lóðin á.
<b>12</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stillið stöðuhemilinn.
<b>13</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Athuga þrýsting í hjólbörðum.

**Ath.:** Ákvarðið vinstri og hægri hlið sláttuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

# 1

## Sláttuvélin undirbúin

Engir hlutar nauðsynlegir

### Verklag

Framkvæmið eftirfarandi til að undirbúa sláttuvélina fyrir tengingu blásara og frágangsbúnaðar.

1. Aftengið aflúttakið, setjið akstursstjórangirnar í HLUTLAUSA LÁSSTÖÐU og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Gerið við beyglur eða skemmdir á sláttubúnaðarpallinum og setjið nýja varahluti í stað hluta sem vantar.
4. Hreinsið hvers kyns óhreinindi af palli eða afturhluta sláttuvélarinnar til að auðvelda uppsetningu.

# 2

## Uppsetning festingar safnara

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:


1	Festing safnara
2	Hliðarplata safnara
2	Stöðuhólkur
14	Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{2}$ tommur)
2	Bolti ( $\frac{3}{8}$ x 1 tomma) (einungis fyrir Z593-sláttuvélar)
14	Sjálflæsandi ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)
14	Sveigð skinna

### Verklag

**Mikilvægt:** Herðið enga bolta fyrir en báðar hliðarfestingarnar og festing safnarans hafa verið festar lauslega á sláttuvélina.

**Frekari upplýsingar um rétta aðferð við að herða boltana eru í „Festiboltarnir hertir“.**

1. Fjarlægið boltana, rærnar og skinnurnar sem halda veltigrindinni öðrum megin á sláttuvélinni. Fargið rónum, boltunum og skinnunum ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).
2. Festið hliðarplötu safnarans og veltigrindarhlutann á hlið sláttuvélarinnar með 4 boltum ( $\frac{3}{8}$  x  $1\frac{1}{2}$  tommur), 4 sveigðum skinnum ( $\frac{3}{8}$  tommur) og 4 sjálflæsandi róm ( $\frac{3}{8}$  tommur) ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).
3. Endurtakið skrefin hér að ofan hinum megin ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).  
**Ath.:** Gætið þess að sveigðu skinnurnar séu settar upp eins og sýnt er á [Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#).
4. Festið festingu safnarans á vinstri og hægri festingar safnarans með 4 boltum ( $\frac{3}{8}$  x  $1\frac{1}{2}$  tommur), 4 sveigðum skinnum ( $\frac{3}{8}$  tommur) og 4 sjálflæsandi róm ( $\frac{3}{8}$  tommur) ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).
5. Festið festingu safnarans á afturgrind sláttuvélarinnar með 2 boltum ( $\frac{3}{8}$  x  $1\frac{1}{2}$  tommur) (notið 2 bolta ( $\frac{3}{8}$  x 1 tomma) fyrir Z593-sláttuvélar eins og sýnt er á mynd 5), 2 sveigðum skinnum ( $\frac{3}{8}$  tommur) og 2 sjálflæsandi róm ( $\frac{3}{8}$  tommur) ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).




**Mynd 4**

Fyrir Z500-bensínsláttuvélar

- |   |  |
|---|--|
| 1. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{2}$ tommur) | 6. Veltigrind  |
| 2. Sveigð skinna ( $\frac{3}{8}$ tommur)          | 7. Sjálflæsandi ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)           |
| 3. Festing safnara                                | 8. Hliðarplata safnara séð frá hlið                  |
| 4. Stöðuhólkur                                    | 9. Göt til að nota þegar hliðarfestingin er sett upp |
| 5. Hliðarplata safnara                            |  |

G003380

g003380



**Mynd 5**

Fyrir Kubota-dísilsláttuvélar

- |   |   |
|---|---|
| 1. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x 1 tomma)               | 6. Hliðarplata safnara                                |
| 2. Sveigð skinna ( $\frac{3}{8}$ tommur)          | 7. Veltigrind   |
| 3. Festing safnara                                | 8. Sjálflæsandi ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)            |
| 4. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{2}$ tommur) | 9. Hliðarplata safnara séð frá hlið                   |
| 5. Stöðuhólkur                                    | 10. Göt til að nota þegar hliðarfestingin er sett upp |

G003379


g003379

# 3

## Handfang sett á

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Handfang
2	Skinna
3	Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ tommur)
1	Splittboltagormur
3	Lásró ( $\frac{3}{8}$ tomma)



G003378

g003378


**Mynd 6**

Fyrir Daihatsu-dísilsláttuvélar

- |   |  |
|---|--|
| 1. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{2}$ tommur) | 6. Veltigrind  |
| 2. Sveigð skinna ( $\frac{3}{8}$ tommur)          | 7. Sjálflæsandi ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)           |
| 3. Festing safnara                                | 8. Hliðarplata safnara séð frá hlið                  |
| 4. Stöðuhólkur                                    | 9. Göt til að nota þegar hliðarfestingin er sett upp |
| 5. Hliðarplata safnara                            |  |

## Verklag

1. Setjið handfangið á milli veltigrindarinnar og festingar safnarans (Mynd 8).
2. Festið handfangið á festingu safnarans og sláttuvélina með 3 boltum ( $\frac{3}{8}$  x  $1\frac{1}{4}$  tommur) og 3 lásróm ( $\frac{3}{8}$  tomma) (Mynd 7 og Mynd 8).




G008105

g008105

**Mynd 7**


- |             |   |
|-------------|---|
| 1. Handfang | 3. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ tommur) |
| 2. Skinna   | 4. Ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)                     |



Mynd 8

- |   |   |
|---|---|
| 1. Handfang                                       | 4. Ró ( $\frac{3}{8}$ tommur)                       |
| 2. Bolti ( $\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ tommur) | 5. Þessi bolti er ekki notaður á Kubota-sláttuvélum |
| 3. Skinna   |   |

3. Festið tengibúnað safnaraarmsins á safnarann með splittboltagormi ([Mynd 9](#)).



Mynd 9

- |                             |                      |
|-----------------------------|----------------------|
| 1. Tengibúnaður safnaraarms | 3. Splittboltagormur |
| 2. Safnari                  |                      |

# 4

## Allir festiboltar hertir

Engir hlutar nauðsynlegir

### Verklag

Eftirfarandi skref eru rétt röð til að herða hliðarfestingarnar og festingu safnarans. Herða verður alla festibolta með 48 Nm hersluátaki (35 ft-lb).

1. Herðið festingu safnarans fyrst á afturgrindinni.
2. Herðið festingar veltigrindarinnar og hliðarfestingarnar á hlið sláttuvélarinnar.
3. Ef festing safnarans hreyfist um  $1/8$  tommur eða meira til hliðanna skal setja annan eða báða stöðuhólkana á milli festingar safnarans og festiplatnanna ([Mynd 4](#), [Mynd 5](#) og [Mynd 6](#)).
4. Herðið festingu safnarans á hliðarfestingunum.

# 5


## Safnari settur upp

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Safnari
2	Splitti
2	Splitti

### Verklag

1. Setjið safnarann upp á festingu safnarans (Mynd 10).
2. Setjið splittboltana tvo í safnarann og festingu safnarans. Festið með tveimur splittum (Mynd 10).



G007702

g007702

Mynd 10

- |            |                    |
|------------|--------------------|
| 1. Hlíf    | 3. Splitti         |
| 2. Splitti | 4. Festing safnara |

# 6


## Blásarareimin leidd inn í blásarann

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Blásarareim (úr blásara- og drifsettinu)
---	--

### Verklag

1. Setjið reimina á trissa blásarans (Mynd 11).
2. Setjið gorminn á milliarminn og pinnann á blásarann (Mynd 11).



G003398

g003398

Mynd 11

- |                              |                   |
|------------------------------|-------------------|
| 1. Lausahjól                 | 4. Pinni          |
| 2. Trissa sláttubúnaðarpalls | 5. Reim           |
| 3. Gormur                    | 6. Trissa blásara |

# 7

## Blásari settur upp

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Blásari (úr blásara- og drifsettinu)
1	Gormur (úr blásara- og drifsettinu)


### Verklag

#### ⚠ VÍÐVÖRUN

Óvarið losunarop býður upp á hættuna á því að sláttuvélin skjóti hlutum að stjórnanda eða nærstöddum með meðfylgjandi hættu á alvarlegum meiðslum. Við þetta er hnífurinn einnig óvarinn.

- Vinnið aldrei á sláttuvél án hlífðarplötu, lokplötu eða grasrennu og safnara.
- Gangið úr skugga um að grashlífín sé uppsett þegar grasrennan og safnarinn eru fjarlægð.

1. Fjarlægið losunarrennuna á hliðinni af sláttubúnaðarpallinum (Mynd 12).




G002519

g002519

Mynd 12

- |                |  |
|----------------|--|
| 1. Bolti       | 5. Uppsettur gormur  |
| 2. Stöðuhólkur | 6. Grashlíf  |
| 3. Lásró       | 7. L-endi gorms (settur fyrir aftan brún pallsins áður en boltinn er settur í) |
| 4. Gormur      | 8. J-krókur gormsins   |

á Mynd 13 og frekari upplýsingar um 183 cm sláttuvélar eru á Mynd 14.



G003397


g003397

Mynd 13

152 cm sláttubúnaðarpallur

- |                                       |                           |
|---------------------------------------|---------------------------|
| 1. Blásari                            | 3. Snúningsop             |
| 2. Sláttubúnaðarpallur, 152 cm sýndur | 4. Blásarapinni cm sýndur |

2. Rennið blásarapinnanum inn í snúningsopið. Frekari upplýsingar um 152 cm sláttuvélar eru



**Mynd 14**


183 cm sláttubúnaðarpallur

G003377  
g003377

- |                                       |                 |
|---------------------------------------|-----------------|
| 1. Blásari                            | 3. Snúningsop   |
| 2. Sláttubúnaðarpallur, 183 cm sýndur | 4. Blásarapinni |

3. Lokið blásaranum til að sjá hvort klinkurnar eru rétt stilltar ([Mynd 15](#)).

**Ath.:** Losið eða herðið boltann til að klinkurnar haldi blásaranum þétt við sláttubúnaðarpallinn en þó sé hægt að losa hann með höndunum ([Mynd 15](#)).




**Mynd 15**

G003400  
g003400

- |           |            |
|-----------|------------|
| 1. Klinka | 3. Blásari |
| 2. Bolti  |            |

4. Setjið gorminn á eins og sýnt er á [Mynd 16](#).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að krókarnir séu í réttri stöðu.



G003638


g003638

**Mynd 16**

- |                          |                         |
|--------------------------|-------------------------|
| 1. Gormspennt lausahjól  | 3. Endi með lengri krók |
| 2. Endi með styttri krók |                         |

5. Togið gormspennta lausahjólið aftur og leggið reimina í kringum trissu sláttubúnaðarpallsins ([Mynd 17](#)).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að reimin liggi rétt utan um trissur blásarans ([Mynd 17](#)).



G003399

g003399

**Mynd 17**

- |                              |            |
|------------------------------|------------|
| 1. Trissa sláttubúnaðarpalls | 3. Blásari |
| 2. Gormspennt lausahjól      |            |

# 8

## Stærðarstilling á efra rörinu fyrir 152 cm sláttuvélar með bensínvél

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:


1	Efra rör
---	----------

### Verklag

**Ath.:** Þessi aðferð er eingöngu fyrir 152 cm sláttuvélar með bensínvél.

1. Mælið 89 mm frá neðri hluta efra rörsins. Notið götin þrjú sem fyrir eru sem merki og merkið rörið svo á nokkrum stöðum til að búa til línu kringum rörið ([Mynd 18](#)).
2. Skerið 89 mm af efra rörinu ([Mynd 18](#)).

**Ath.:** Takið eftir dældunum þremur á rörinu. Hér eru göt boruð með eftirfarandi aðferð.



G003391

g003391

Mynd 18

1. Dældir til að bora göt
2. Efra rör
3. Skerið eingöngu af 89 mm fyrir 152 cm sláttuvélar með bensínvélum
4. Notið götin sem fyrir eru til að búa til línu
5. Lína til að skera rör

# 9

## Uppsetning losunarröra

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:


1	Efra rör
1	Neðra rör
3	Bolti (#10 x ¾ tommur)
3	Lásró (#10)
3	Skinna (7/32 tommur)

### Verklag

**Mikilvægt:** Gangið úr skugga um að sláttubúnaðarpallurinn sé í lægstu sláttuhæðarstöðu á meðan losunarrörin eru sett á.

**Ath.:** Munið að setja grashlífina á þegar safnarinn er fjarlægður af sláttuvélinni. Frekari upplýsingar eru í [Grashlíf sett á \(síða 25\)](#).

1. Aftengið aflúttakið og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Stillið sláttubúnaðarpallinn á lægstu sláttuhæð.
4. Setjið efra rörið inn í op safnarans og togið það aftur út þannig að gúmmípéttið standi út ([Mynd 19](#)).




**Mynd 19**

1. Efra rör
2. Op safnara
3. Hlíf safnara

5. Mælið hversu langt rörið nær inn í hlífina.

**Ath.:** Mælið frá hlífarplötunni að brún rörsins eins og sýnt er á [Mynd 20](#). Þetta bil þarf að vera 19 mm.




**Mynd 20**

1. Hlífarplata
2. Efra rör
3. Hlíf niðri
4. 19 mm
5. Brún rörs

6. Þegar búið er að mæla 19 mm skal merkja efra rörið að utan þar sem gúmmípéttið stendur út ([Mynd 21](#)).

**Ath.:** Þetta er merkt til að tryggja rétta staðsetningu efra rörsins þegar götin eru boruð og efri og neðri rörin eru tengd.


**Ath.:** Gúmmípéttið verður að standa út úr hlíf safnarans.



**Mynd 21**

1. Efra rör
2. Gúmmípétti stendur út
3. Hlíf safnara
4. Merkið hér við gúmmípéttið.

7. Setjið neðra rörið inn í efra rörið ([Mynd 22](#)).




**Mynd 22**

1. Neðra rör

2. Efra rör

8. Rennið neðra rörinu yfir hettuna og krækið þeim saman ([Mynd 23](#)).

**Ath.:** Klinka er efst og neðst á húsi blásarans.



**Mynd 23**

1. Blásari


3. Klinka

2. Neðra rör

9. Gangið úr skugga um að sláttubúnaðarpallurinn sé í lægstu sláttuhæð og að merkið á efra rörinu sé ennþá við gúmmíþéttið sem stendur út.

Athugið hvort merkið á [Mynd 21](#) er enn á sínum stað.

10. Notið götin eða dældirnar þrjár á efra rörinu sem sniðmát og borið 3 göt (5,5 mm í þvermál) þar sem efra og neðra rörið tengjast ([Mynd 24](#)).



**Mynd 24**

1. Hlíf safnara

4. Neðra rör


2. Efra rör

5. Blásari

3. Borið göt sem eru 5,5 mm í þvermál hér (notið efra rörið sem sniðmát)

11. Fjarlægið neðra rörið af blásaranum.

12. Tengjið efra og neðra rörið saman með 3 boltum (#10 x 3/4 tommur), 3 flötum skinnum (7/32 tommur) og 3 lásróm (#10) eins og sýnt er á [Mynd 25](#).




Mynd 25

G003392

g003392

1. Neðra rör
2. Efra rör
3. Flöt skinna (7/32 tommur)
4. Lásró (#10)
5. Bolti (#10 x ¼ tommur)



Mynd 26

G003370

g003370

1. Reimarhlíf
2. Blásari
3. Trissusamstæða
4. Festing reimarhlífar
5. Klinka
6. Rauf reimarhlífar
7. Stoð reimarhlífar

13. Setjið neðra rörið ofan á hús blásarans og festið það með klinkunum.

## 10

### Uppsetning reimarhlífar

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Reimarhlíf (úr blásara- og drifsettinu)
---	---

### Verklag

1. Stillið sláttubúnaðarpallinn á lægstu sláttuhæð.
2. Setjið nýju reimarhlífinni á þannig að raufarnar báðum megin fari yfir stoðir reimarhlífarinnar og festið klinkuna (Mynd 26).

## 11

### Lóð sett á

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Lóð eltihjóls (ef með þarf)
2	U-bolti
4	Ró (½ tomma)
4	Lásskinna (½ tomma)
2	Plata
2	Topplóð (aðeins fyrir 153 cm sláttubúnaðarpalla)

### Verklag

Til að uppfylla staðalinn ANSI/OPEI B71.4-2004 þarf að setja lóð á sláttuvélina.


### ⚠ VARÚÐ

Safnarinn setur mikla þyngd á afturhluta sláttuvélarinnar og getur valdið óstöðugleika, sem gæti leitt til stjórnmissis.

1. Setjið lóð á eltihjólina að framan.

- Setjið plötu, rær ( $\frac{1}{2}$  tomma) og lásskinnu ( $\frac{1}{2}$  tomma) undir grindina og lóðið (Mynd 27).
- Endurtakið á hinni hliðinni.

**Ath.:** Sett eru lóð eltihjól allra Z Master-sláttuvéla.




Mynd 27

- |                             |                       |
|-----------------------------|-----------------------|
| 1. Lóð á eltihjól að framan | 4. Ró                 |
| 2. U-bolti                  | 5. Eltihjól að framan |
| 3. Plata                    | 6. Lásskinna          |

**Ath.:** Aðeins eru notuð topplóð á Z Master-sláttuvélar með 153 cm sláttubúnaðarpall.

- Festið topplóð ofan á hvert eltihjólalóð á 153 cm sláttuvélum með 2 boltum ( $\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$  tommur) (Mynd 28).



Mynd 28

- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| 1. Topplóð   | 3. Lóð á eltihjól að framan |
| 2. Bolti ( $\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$ tommur) | 4. Eltihjól að framan       |

# 12

## Stöðuhemill stilltur


Engir hlutar nauðsynlegir

### Verklag

Athugið hvort stöðuhemillinn er rétt stilltur.

- Takið stöðuhemilinn af (handfang niður).
- Mælið lengd gormsins.

Fjarlægðin á milli skinnanna ætti að vera 70 mm (Mynd 29).



Mynd 29

- |                         |                  |
|-------------------------|------------------|
| 1. Handfang stöðuhemils | 5. 5–7 mm        |
| 2. Gormur (70 mm)       | 6. Festiró og ok |
| 3. Stillirær            | 7. Pinnarúlla    |
| 4. Kragi á hemlastöng   |                  |

- Ef stillingar er þörf er festiróin fyrir neðan gorminn losuð og hún hert beint fyrir neðan okið (Mynd 29). Snúið rónni þar til rétt mæling fæst. Herðið rærnar tvær saman og endurtakið hinum megin á tækinu.
- Snúið rónum réttssælis til að stytta gorminn og rangsælis til að lengja hann.
- Setjið stöðuhemil á, handfang upp.
- Mælið fjarlægðina milli pinnarúllunnar og kragans á hemlastönginni. Mælingin ætti að vera 5–7 mm (Mynd 29).
- Ef stillingar er þörf er festiróin fyrir neðan okið losuð. Snúið neðri stönginni þar til rétt mæling næst (Mynd 29). Herðið festiróna við okið.

# 13

## Þrýstingur hjólbarða kannaður

Engir hlutar nauðsynlegir

### Verklag


**Ath.:** Aukið þrýsting í hjólbörðum vegna aukabyngdarinnar.

Kannið og aukið loftþrýsting í eltihjólum að framan og hjólbörðunum að aftan ([Mynd 30](#)).

Þrýstingur:

Afturhjólbörðar: 138 kPa (20 psi)

Eltihjól að framan: 172 kPa (25 psi)



G001055

Mynd 30

g001055

## Notkun

**Ath.:** Ákvarðið vinstri og hægri hlið sláttuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

**Mikilvægt:** Setjið stöðuhemilinn á þegar sláttuvélin er yfirgefin, jafnvel þótt það sé aðeins í nokkrar mínútur.

### ⚠ VIÐVÖRUN

Til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki skal fylgja eftirfarandi verkferli:

- Lesið allar notkunar- og öryggisleiðbeiningar í *notandahandbók* sláttuvélarinnar áður en þessi tengibúnaður er notaður.
- Aldrei fjarlægja safnarann eða safnararörin með vélina í gangi.
- Drepið alltaf á vélinni og bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar stöðvist áður en stífla er losuð úr safnarakerfinu.
- Aldrei sinni viðhaldi eða viðgerðum með vélina í gangi.
- Setjið stöðuhemilinn á.

### ⚠ VIÐVÖRUN

Ef grashlífin, safnararörin eða allt söfnunarkerfið er ekki uppsett eiga stjórnandi og aðrir nærstaddir í hættu á að komast í snertingu við hnífa eða fá hluti á miklum hraða í sig. Snerting við hnífa á ferð og hluti á mikilli ferð getur valdið meiðslum eða dauða.

- Setjið alltaf grashlífina á þegar söfnunarkerfið er fjarlægt og skiptið yfir í losun út frá hlið.
- Skiptið tafarlaust um grashlífina ef hún skemmist. Grashlífin beinir efni niður í grassvörðinn.
- Setjið aldrei hendur eða fætur undir sláttuvélina.
- Reynið aldrei að hreinsa losunarsvæðið eða sláttuvélarhnífana nema slökkt sé á aflúttakinu og svissað af. Fjarlægið einnig lykilinn og aftengið kertin.
- Drepið á vélinni áður en stífla er losuð úr losunarrennunni.
- Aldrei skal nota hendurnar til að losa stíflu úr losunarrennunni heldur nota prik eða eitthvað ámóta.


## ⚠ VARÚÐ

Börn og nærstaddir geta orðið fyrir meiðslum við að aka eða reyna að aka sláttuvél sem ekki er undir eftirliti.

Takið lykilinn alltaf úr og setjið stöðuhemilinn á þegar sláttuvélin er yfirgefin, þótt það sé aðeins í nokkrar mínútur.

## Stilling stýriplötu

Stillið stýriplötu á stöðu B (miðstöðu) fyrir losun í safnara. Frekari upplýsingar um stillingu stýriplötunnar eru í *notendahandbók* sláttuvélarinnar.




Mynd 31

## Safnarinn tæmdur

1. Aftengið aflúttakið og setjið stöðuhemilinn á.
2. Lyftið handfanginu til að opna dyrnar og tæma safnarann.
3. Ýtið handfanginu niður til að loka dyrunum (Mynd 32).

**Ath.:** Ef aka á sláttuvélinni á pall eða eftirvagn með fullan safnara skal ávallt bakka upp skábrautina. Þetta dregur úr hættu á að hún sporðreisist aftur á bak.



Mynd 32

## Stíflulosun í söfnunarkerfinu

### ⚠ VIÐVÖRUN

Þegar söfnunarkerfi er notað snýst blásarinn með meðfylgjandi hættu á meiðslum eða aflimun handa.

- Áður en blásarinn er stilltur, þrífinn, gert við hann eða hann skoðaður, og áður en stífla er losuð úr rennunni, skal drepa á vélinni og bíða þar til allir hreyfanlegir hlutar stöðvast. Takið lykilinn úr.
- Notið prik en ekki hendur til að losa stíflu úr blásara og röri.
- Haldið andliti, höndum, fótum og öðrum hlutum líkamans eða fatnaði í öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu eða í snúningi sem ekki sjást.

1. Aftengið aflúttakið og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Tæmið safnarann.
4. Losið neðra rörið.
5. Fjarlægjið rörin af safnarannum.
6. Notið prik eða eitthvað ámóta, ekki hendur, til að fjarlægja og hreinsa stíflur úr rörunum.

**Ath.:** Í flestum tilvikum er hægt að hrista óhreinindi úr rörunum.

7. Ef blásarinn stíflast skal losa blásarann, taka gjörðina af og opna hann.
8. Notið prik eða eitthvað ámóta, ekki hendur, til að fjarlægja og hreinsa stíflur úr blásaranum.
9. Þegar stíflan hefur verið losuð er söfnunarkerfið sett aftur á og vinnu haldið áfram.

## Safnari tekinn af

### ⚠ VIÐVÖRUN

Íhlutir í kringum vélina eru heitir þegar vélin hefur verið í gangi. Snerting við heita íhluti getur valdið brunasárum.

- Ekki snerta vélarhluta þegar þeir eru heitir.
- Leyfið vélinni að kólna áður en safnarinn er tekinn af.

1. Aftengið aflúttakið, setjið stöðuhemilinn á og skorðið hjólbarðana.

2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Losið neðra rörið af blásaranum og fjarlægjið það.
4. Fjarlægjið rörið af safnarahlífinni.
5. Stillið sláttubúnaðarpallinn á lágstu sláttuhæð.
6. Losið reimarhlífina yfir trissusamstæðu sláttuvélarinnar.
7. Fjarlægjið blásarareimina af trissusamstæðu sláttuvélarinnar.
8. Opnið blásarann.
9. Fjarlægjið blásarann af snúningsopinum.
10. Ef skipt er yfir í losunarstillingu á hlið skal tryggja að grashlífin sé á og að hægt sé að lækka hana niður í vinnslustöðu.
11. Fjarlægjið söfnunarkerfið.

## Grashlífin notuð

### ⚠ HÆTTA

Ef grashlífin, losunarhlífina eða grassafnarinn er ekki á sínum stað eiga stjórnandi og aðrir nærstaddir á hættu að lenda í hnífum eða fá hluti á miklum hraða í sig. Snerting við hnífa á ferð og hluti á mikilli ferð getur valdið meiðslum eða dauða.

- Setjið grashlífinu alltaf á þegar söfnunarkerfið er tekið af og stillið á losun út frá hlið.
- Skiptið tafarlaust um grashlífinu ef hún skemmist. Grashlífin beinir efni niður í grassvörðinn.
- Setjið aldrei hendur eða fætur undir sláttuvélina.
- Reynið aldrei að hreinsa losunarsvæðið eða sláttuvélarhnífana nema slökkt sé á aflúttakinu, svissað af og lykillinn tekinn úr.

## Sláttuvélar fluttar

Ekki geyma gras eða óhreinindi í safnaranum þegar sláttuvélin er flutt á eftirvagni eða palli.

### ⚠ HÆTTA

Flutningur sláttuvélarinnar með gras eða óhreinindi í safnaranum getur valdið skemmdum á sláttuvélinni.

Ekki geyma gras eða óhreinindi í safnaranum þegar sláttuvélin er flutt á eftirvagni eða palli.

# Ábendingar um notkun

## Stærð sláttuvélar

Munið að sláttuvélin er lengri og breiðari þegar þessi tengibúnaður er uppsettur. Ef teknar eru of krappar beygjur við þröngar aðstæður getur það valdið skemmdum á tengibúnaðinum eða öðrum eignum.

## Snyrting

Snyrtið ávallt með vinstri hlið sláttuvélarinnar. Ekki snyrta með hægri hlið sláttuvélarinnar því að það getur valdið skemmdum á rorum safnarans.

## Sláttuhæð

Bestu söfnunarafköstin nást með því að stilla sláttuhæð þannig að ekki sé skorið meira en 51 til 76 mm eða 1/3 af hæð grass, allt eftir því hvort er styttra. Lengri afskurður en þetta dregur úr afkastagetu sogkerfisins.

## Tíðni sláttar

Sláið gras oft, sérstaklega þegar það vex hratt. Slá þarf tvisvar ef grasið er orðið mjög hátt. Frekari upplýsingar eru í [Hátt gras \(síða 21\)](#).

## Sláttutækni

Fallegasta grasflötin næst með því að slá lítið eitt inn á síðustu yfirferð. Þetta dregur úr álagi á vélina og dregur úr líkum á stíflum í blásara og rorum.

## Söfnunarhraði

Pokakerfið getur stíflast ef ekið er of hratt og snúningshraði vélarinnar verður of hægur. Í halla þarf hugsanlega að draga úr aksturshraða sláttuvélarinnar. Sláið niður á við þegar því er við komið.

### ⚠ VARÚÐ

Aukin þyngd bætist við afturhluta sláttuvélarinnar þegar safnarinn fyllist. Hætta er á stjórnmissi eða veltu sláttuvélarinnar ef stöðvað er eða tekið skyndilega af stað í halla.

- Ekki taka af stað eða stöðva skyndilega þegar ekið er upp eða niður halla. Forðist að taka af stað upp í móti.
- Ef sláttuvélin er stöðvuð þegar ekið er upp halla skal aftengja aflúttakið. Bakkið því næst hægt niður hallann.
- Forðist hraðabreytingar eða að stöðva í halla.

## Hátt gras

Ef gras vex meira en venjulega eða ef það er mjög rakt skal hafa sláttuhæðina hærrí en venjulega og slá grasið í þeirri stillingu. Því næst skal slá grasið aftur með hefðbundinni stillingu.

Mjög hátt gras er þungt og hugsanlega næst ekki að blása því alla leið í safnarann. Ef þetta gerist geta rörið og blásarinn stíflast. Til að koma í veg fyrir að söfnunarkerfið stíflist skal slá grasið í meiri sláttuhæð, lækka svo sláttuvélina í hefðbundna sláttuhæð og endurtaka sláttinn.

## Blautt gras

Reynið alltaf að slá gras þegar það er þurr ef því verður við komið. Blautt gras getur valdið stíflum.

## Dregið úr hættu á stíflum

Til að koma í veg fyrir að söfnunarkerfið stíflist skal draga úr aksturshraðanum og slá grasið í meiri sláttuhæð, lækka svo sláttuvélina í hefðbundna sláttuhæð og endurtaka sláttinn.

## Merki um stíflu

Við slátt og söfnun blæs yfirleitt smávegis gras fram undan sláttuvélinni. Ef mikið gras byrjar að blásast út að framanverðu er það merki um að safnarinn sé fullur eða rörið stíflað.

## Hnífar

Við flestar sláttuaðstæður skila hefðbundnir hnífar með hárrí lyftu skilvirkustu söfnuninni.

Mælt er með notkun Atomic-hnífa frá Toro fyrir söfnun laufs við þurrar aðstæður. Notið hnífa með miðlungs eða lítilli lyftu við þurrar og rykugar aðstæður til að draga úr blæstri ryks og óhreininda án þess að það hafi áhrif á söfnun.

Viðeigandi hnífar fyrir mismunandi sláttuaðstæður fást hjá næsta viðurkennda þjónustu- og söluaðila.

## Vélinni ekið upp á kantstein og flutningur

Ávallt skal lyfta pallinum í efstu stöðu þegar sláttuvélin er flutt á eftirvagni eða þegar ekið er upp á kantstein eða niður af honum. Ef sláttuvélin er höfð í lægri stöðu meðan hún er sett upp á eftirvagn eða henni ekið yfir kantstein getur það valdið skemmdum á sláttuvélinni. Ef kantsteinn er hærrí en 152 mm skal aka upp á hann á ská með pallinn í hæstu stöðu. Sýnið ytrustu aðgát þegar sláttuvélinni er ekið upp á eftirvagn. Notið skábraut í fullri breidd. Hún á að vera nógu löng til að hallinn verði ekki meiri en 15 gráður.

# Viðhald

## Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"><li>Skoðið blásarareimina.</li><li>Skoðið söfnunarkerfið.</li></ul>
Fyrir hverja notkun eða daglega	<ul style="list-style-type: none"><li>Hreinsið sigti hlífarinnar.</li><li>Þrifið söfnunarkerfið.</li></ul>
Á 25 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"><li>Skoðið blásarareimina.</li></ul>
Á 50 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"><li>Smyrjið milliarminn.</li></ul>
Á 100 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"><li>Smyrjið pinna handfangsins.</li><li>Skoðið söfnunarkerfið.</li></ul>

## Þrif á hlíf safnarans

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

Þrifið sigtið fyrir hverja notkun (oftar þegar grasið er blautt).

- Aftengið aflúttakið og setjið stöðuhemilinn á.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
- Opnið safnarann.
- Hreinsið óhreinindi af sigtinu.
- Lokið safnarann.

## Söfnunarkerfið þrifið

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

- Þrifið safnarahlífina að innan og utan, rörið og undir sláttuvélinni. Notið milt hreinsiefni til að fjarlægja óhreinindi.
- Gangið úr skugga um að allt gras sé hreinsað af öllum hlutum.
- Leyfið öllum hlutum að þorna vel að þrifum loknum.

**Ath.:** Setjið alla hluta á sinn stað og látið sláttuvélina ganga í eina mínútu til að flýta fyrir þurrkun.

## Skoðun blásarareimar


**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar

Á 25 klukkustunda fresti

Leitið eftir sprungum, slitnum brúnum, ummerkjum um bruna eða öðrum skemmdum á reimunum. Skiptið um skemmdar reimar.

## Skipt um blásarareim


- Aftengið aflúttakið, setjið akstursstjórnstanginar í HLUTLAUSA LÁSSTÖÐU og setjið stöðuhemilinn á.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
- Togið gormspennta lausahjólið aftur til að draga úr strekkingu reimarinnar ([Mynd 33](#)).
- Fjarlægjið fyrirbyggjandi safnarareim af trissu sláttubúnaðarpallsins og síðan trissum blásarans.
- Setjið nýju reimina á trissur blásarans og trissu sláttubúnaðarpallsins ([Mynd 33](#)).



Mynd 33

- |                              |                   |
|------------------------------|-------------------|
| 1. Lausahjól                 | 4. Pinni          |
| 2. Trissa sláttubúnaðarpalls | 5. Reim           |
| 3. Gormur                    | 6. Trissa blásara |

6. Setjið gorminn á eins og sýnt er á [Mynd 34](#).



G003638

g003638


**Mynd 34**

1. Gormspennt lausahjól      3. Endi með lengri krók  
2. Endi með styttri krók

7. Togið gormspennta lausahjólið aftur og setjið reimina á gormspennta lausahjólið ([Mynd 33](#)).

## Skoðun og stilling klinku blásarans

Lokið blásaranum til að sjá hvort klinkurnar eru rétt stilltar. Losið eða herðið boltana til að klinkurnar haldi blásaranum þétt við sláttubúnaðarpallinn en þó sé hægt að losa hann með höndunum.



G003400

g003400

**Mynd 35**


1. Klinka      3. Blásari  
2. Bolti

## Milliarmur og pinni handfangs smurðir

**Viðhaldstími:** Á 50 klukkustunda fresti—Smyrjið milliarminn.

Á 100 klukkustunda fresti—Smyrjið pinna handfangsins.

Smyrjið milliarm blásarareimarinnar ([Mynd 36](#)).




G003455

g003455

**Mynd 36**

Smyrjið pinna handfangsins ([Mynd 37](#)).



G009229

g009229

**Mynd 37**

# Söfnunarkerfið skoðað

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar

Á 100 klukkustunda fresti


1. Aftengið aflúttakið, setjið akstursstjórnstangirnar í HLUTLAUSA LÁSSTÖÐU og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Skoðið efra rörið, neðra rörið, safnarann og blásarann.

**Ath.:** Skiptið um sprungna eða bilaða hluta.

4. Skoðið safnaragrindina.

**Ath.:** Skiptið um sprungna eða bilaða hluta.

5. Herðið allar rær, bolta og skrúfur.



**Mynd 38**

1. Snertiarmur – beint upp og niður
2. Stoppbolti
3. Lamaarmar

g008022

## Lokun hlera stillt


Hægt er að stilla lamaarmana tvo og stoppskrúfurnar tvær til að hægt sé að loka hleranum alveg.

1. Aftengið aflúttakið, setjið akstursstjórnstangirnar í HLUTLAUSA LÁSSTÖÐU og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Þegar hlerinn er lokaður skal losa rærnar og stilla stoppboltana þannig að snertiarmurinn snúi beint upp og niður ([Mynd 38](#) og [Mynd 39](#)).
4. Stillið lengd lamaarmanna þannig að hlerinn lokist alveg og nokkur þrýstingur sé á handfanginu ([Mynd 38](#) og [Mynd 39](#)).

**Ath.:** Lengið armana til að draga úr þrýstingnum. Styttið armana til að auka þrýstinginn

**Ath.:** Gangið úr skugga um að bæði vinstri og hægri hliðin séu stilltar á sömu lengd. Þegar hlerinn er lokaður ættu armarnir að vera nokkuð vel hertir til að draga úr skrölti.

5. Herðið rærnar.



**Mynd 39**

1. Snertiarmur
2. Stoppbolti
3. Lamaarmar

g008023


## Opnun hlera stillt

**Ath.:** Gerið þetta eftir að hlerinn er stilltur þannig að hann lokist alveg.

Stillið arm handfangsins þannig að hlerinn opnast eins og hægt er ([Mynd 40](#)).

**Ath.:** Lengið arm handfangsins til að opna hlerann meira. Styttið arm handfangsins til að opna hlerann minna

**Ath.:** Snerting snertiarmsins við stopparann stjórnar því hversu mikið hlerinn opnast. Ekki er hægt að stilla stopparann og hann kemur í veg fyrir að hlerinn opnast of mikið.



Mynd 40


1. Handfang
2. Armur handfangs
3. Stoppari

## Stilling á klinkum

**Ath.:** Stillið stöðu fyrir opinn hlera og lokaðan hlera áður en klinkurnar eru stilltar.

1. Aftengið aflúttakið, setjið akstursstjórnstangirnar í HLUULAUSA LÁSSTÖÐU og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutir hafa stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Lokið dyrunum.
4. Tryggið að klinkurnar festist alveg og snerti klinkustöngina sem er soðin á hlerann ([Mynd 41](#)).

**Ath.:** Klinkurnar verða að vera þétt upp við klinkustöngina. Þær þurfa að vera nógu lausar til að hreyfast.



Mynd 41

1. Klinkuarmur
2. Klinkustöng

## Skoðun sláttuvélarhnífa

1. Skoðið sláttuvélarhnífana reglulega og alltaf þegar hnifur rekst í aðskotahlut.
2. Ef hnifar eru mjög slitnir eða skemmdir skal setja nýja hnífa í. Frekari upplýsingar um viðhald á hnifum eru í *notendahandbók* sláttuvélarinnar.

## Sláttuvélarhnífarnir settir á

Við flestar sláttuaðstæður skila hefðbundnir hnifar með hárrí lyftu skilvirkustu söfnuninni.

Mælt er með notkun Atomic-hnífa frá Toro fyrir söfnun laufs við þurrar aðstæður. Notið hnífa með miðlungs eða lítilli lyftu við þurrar og rykugar aðstæður til að draga úr blæstri ryks og óhreininda án þess að það hafi áhrif á söfnun.

Viðeigandi hnifar fyrir mismunandi sláttuaðstæður fást hjá næsta viðurkennda þjónustu- og söluaðila.

Frekari upplýsingar um uppsetningu hnífa eru í *notendahandbók* sláttuvélarinnar.

## Grashlíf sett á

### ⚠ VIÐVÖRUN

Óvarið losunarop býður upp á hættuna á því að sláttuvélin skjóti hlutum að stjórnanda eða öðrum með meðfylgjandi hættu á alvarlegum meiðslum. Við þetta er hnifurinn einnig óvarinn.

- Vinnið aldrei á sláttuvél án hlífðarplötu, lokplötu eða grasrennu og safnara.
- Gangið úr skugga um að grashlífin sé niðri.

1. Fjarlægið lásróna, boltann, gorminn og stöðuhólkinn sem halda hlífinni á snúningsfestingunum ([Mynd 42](#)).
2. Fjarlægið skemmdu eða slitnu grashlífina.
3. Setjið stöðuhólkinn og gorminn á grashlífina.


**Ath.:** Setjið L-endann á gorminum fyrir aftan brúnina á pallinum.

**Ath.:** Tryggið að L-endinn á gorminum sé festur fyrir aftan brúnina á pallinum áður en boltinn er settur í eins og sýnt er á [Mynd 42](#)

4. Setjið boltann og róna á.
5. Festið J-krókur gormsins á grashlífina ([Mynd 42](#)).

**Mikilvægt:** Grashlífin þarf að geta farið niður í rétta stöðu. Lyftið hlífinni upp til að kanna hvort hún fari alveg niður.

# Geymsla



Mynd 42

- |                |  |
|----------------|--|
| 1. Bolti       | 5. Uppsettur gormur  |
| 2. Stöðuhólkur | 6. Grashlíf  |
| 3. Lásró       | 7. L-endi gorms, settur fyrir aftan brún palls áður en bolti er settur í |
| 4. Gormur      | 8. J-krókur gorms  |

1. Hreinsið safnarann. Frekari upplýsingar eru í [Þrif á hlíf safnarans \(síða 22\)](#) og [Söfnunarkerfið þrifið \(síða 22\)](#).
2. Leitið eftir skemmdum á safnarinum. Frekari upplýsingar eru í [Söfnunarkerfið skoðað \(síða 24\)](#).
3. Tryggið að safnarinn sé tómur og þurr.
4. Leitið eftir sliti eða sprungum á reiminni.
5. Geymið sláttuvélina á hreinum og þurrum stað, fjarri sólarljósi. EF geyma þarf sláttuvélina utandyra skal breiða vatns- og vindhelda yfirbreiðslu yfir hana. Þetta ver plasthluta sláttuvélarinnar og lengir endingu hennar.

# Bilanaleit

Vandamál	Möguleg orsök	Aðgerð til úrbóta
Óeðlilegur titringur er til staðar.	<ol style="list-style-type: none"> <li>Hnífur/hnífar eru beyglaðir eða úr jafnvægi.</li> <li>Festibolti fyrir hníf er laus.</li> <li>Trissa blásara eða trissusamstæðan er laus.</li> <li>Blásarareim er slitin.</li> <li>Hnífur/hnífar blásaraviftu eru beyglaðir eða úr jafnvægi.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Skiptið um hníf/hnífa.</li> <li>Herðið festiboltann fyrir hnífinn.</li> <li>Herðið viðeigandi trissu.</li> <li>Skiptið um blásarareimina.</li> <li>Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.</li> </ol>
Afköst grassöfnunar eru minni.	<ol style="list-style-type: none"> <li>Snúningshraði vélarinnar er hægur.</li> <li>Sigti safnarahlífarinnar er stíflað.</li> <li>Blásarareim er laus.</li> <li>Rör eða blásari er stíflaður.</li> <li>Safnarinn er fullur.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Látið söfnunarkerfið alltaf vinna með fulla eldsneytisgjöf.</li> <li>Fjarlægið óhreinindi, lauf eða gras af sigtinu.</li> <li>Skiptið um blásarareimina.</li> <li>Finnið og fjarlægið óhreinindin sem valda stíflunni.</li> <li>Tæmið safnarann.</li> </ol>
Blásari og rör stíflast of oft.	<ol style="list-style-type: none"> <li>Safnarinn er of fullur.</li> <li>Snúningshraði vélarinnar er hægur.</li> <li>Grasið er of blautt.</li> <li>Grasið er of hátt.</li> <li>Sigti safnarahlífarinnar er stíflað.</li> <li>Aksturshraðinn er of mikill.</li> <li>Blásarareim er slitin.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tæmið safnarann oft.</li> <li>Látið söfnunarkerfið alltaf vinna með fulla eldsneytisgjöf.</li> <li>Sláið gras þegar það er þurr.</li> <li>Sláið aldrei meira en 51–76 mm eða 1/3 ofan af grasinu, hvort sem er styttra.</li> <li>Fjarlægið óhreinindi, lauf eða gras af sigtinu.</li> <li>Akið hraðar með fulla eldsneytisgjöf.</li> <li>Skiptið um blásarareimina.</li> </ol>
Óhreinindi blásast út.	<ol style="list-style-type: none"> <li>Safnarinn er of fullur.</li> <li>Aksturshraðinn er of mikill.</li> <li>Sláttubúnaðarpallurinn hallar.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tæmið safnarann oft.</li> <li>Akið hraðar með fulla eldsneytisgjöf.</li> <li>Upplýsingar um stillingu sláttubúnaðarpallsins eru í <i>notendahandbók</i> sláttuvélarinnar.</li> </ol>
Eitthvað heftir snúning blásarahjólans.	<ol style="list-style-type: none"> <li>Blásarinn er stíflaður.</li> <li>Hjólið er vanstillt.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Fjarlægið óhreinindi, lauf eða gras af blásarahjólínu.</li> <li>Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.</li> </ol>



## Skilmálar og ábyrgðar vörur

Toro Company og tengt félag þess, Toro Warranty Company, ábyrgjast sameiginlega gagnvart upprunalegum kaupanda, samkvæmt samkomulagi á milli þeirra, að gera við þær Toro-vörur sem taldar eru upp hér að neðan vegna efnis- eða smíðagalla.

Eftirfarandi tímabil eiga við frá kaupdagsetningu upprunalegs kaupanda:

Vörur	Ábyrgðartímabil
53 cm sláttuvélar	2 ára einkanot <sup>1</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	1 árs rekstrarnot Honda – 2 ár Kawasaki – 3 ár
76 cm sláttuvélar	2 ára einkanot <sup>1</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	1 árs rekstrarnot Kawasaki – 3 ár
Meðalstórar sláttuvélar til almennra nota	2 ár
• Vélar <sup>4</sup>	Kawasaki – 3 ár
Grand Stand®-sláttuvélar	5 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	3 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master® 2000-sláttuvélar	4 ár eða 500 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	3 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master® 3000-sláttuvélar	5 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	3 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master® 5000-sláttuvélar	5 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	Kohler Command – 2 ár Kohler EFI – 3 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master® 6000-sláttuvélar	5 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	Kawasaki – 3 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master®7000-sláttuvélar	5 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	2 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Z Master®8000-sláttuvélar	2 ár eða 1200 vinnustundir <sup>2</sup>
• Vélar <sup>4</sup>	2 ár
• Grind	Út endingartíma (eingöngu upprunalegur eigandi) <sup>3</sup>
Allar sláttuvélar	
• Rafgeymir	90 dagar fyrir varahluti og vinnu 1 ár eingöngu fyrir varahluti
• Reimar og hjólbarðar	90 dagar
• Tengitæki	1 ár

<sup>1</sup>Einkanot þýðir að varan er notuð á sama stað og eigandi býr. Notkun á fleiri en einum stað telst til rekstrarnota og um hana gildir rekstrarábyrgð.

<sup>2</sup>Hvort sem kemur fyrst.

<sup>3</sup>Ábyrgð á grind út endingartímann – Ef aðalgrindin, sem felur í sér þá hluta sem eru soðnir saman og mynda grind sláttuvélarinnar, sem aðrir hlutar eins og vélin eru festir á, springur eða brotnar við eðlilega notkun, verður gert við hana eða skipt um hana, samkvæmt ákvörðun Toro, með ábyrgð og án kostnaðar vegna varahluta og vinnu. Bilun í grind vegna misnotkunar eða rangrar notkunar og bilun eða viðgerð sem kemur til vegna ryðs eða tæringar falla ekki undir þessa ábyrgð.

<sup>4</sup>Sumar vélar sem notaðar eru í vörur Toro falla undir ábyrgð framleiðanda vélarinnar.

## Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Ef þú telur efnis- eða smíðagalla vera til staðar í Toro-vörinni þinni skaltu fylgja eftirfarandi ferli:

- Hafðu samband við viðurkenndan söluaðila Toro til að fá þjónustu hjá umboðinu. Til að finna söluaðila sem hentar skaltu skoða þjónustusiðurnar í símaskránni (leita undir „sláttuvélar“) eða skoða vefsíðu okkar á [www.toro.com](http://www.toro.com). Einnig er hægt að hringja í númerin sem skráð eru í atriði 3 til að nota söluringsþjónustu fyrir Toro-söluaðila.
- Komdu með vöruna og staðfestingu á kaupum (sölukvittun) til þjónustuaðilans. Þjónustuaðilinn greinir vandamálið og tekur ákvörðun um hvort það fellur undir ábyrgðina.
- Ef þú sættir þig af einhverjum ástæðum ekki við greiningu þjónustuaðilans eða þjónustuna sem þú færð skaltu hafa samband við okkur í:

RLC Customer Care Department (þjónustudeild)  
Toro Warranty Company  
8111 Lyndale Avenue South  
Bloomington, MN 55420-1196  
888-865-5676 (viðskiptavinir í Bandaríkjunum)  
888-865-5691 (viðskiptavinir í Kanada)

## Skyldur eiganda

Þú þarft að halda Toro-vörinni við í samræmi við eftirfarandi viðhaldsferli sem lýst er í *notendahandbókinni*. Slíkt reglubundið viðhald, hvort sem það er í höndum söluaðila eða þín, er á þinn kostnað.

## Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Engin önnur bein ábyrgð er í boði fyrir utan sérstaka ábyrgð á útblásturskerfi og ábyrgð á vélum fyrir sumar vörur. Þessi beina ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Kostnað vegna reglubundins viðhalds eða varahluta, til dæmis sía, eldsneytis, smurefna, oliuskipta, kerta, loftsía, brýningar hnifa eða slitinna hnifa, stillinga á köplum/tengibúnaði eða stillinga á hemlum og kúplingum
- Íhluti sem bila vegna eðlilegs slits
- Vöru eða varahlut sem hefur verið breytt, misnotaður eða vanræktur og krefst skipta eða viðgerða vegna slýss eða ónógs viðhalds
- Greiðslu vegna afgreiðslu og afhendingar
- Viðgerðir eða tilraun til viðgerða í höndum annarra en vottaðs þjónustuaðila Toro
- Viðgerðir sem eru til komnar vegna þess að tilmælum um eldsneyti var ekki fylgt (sjá nánar í *notendahandbók*)
  - Ábyrgðin tekur ekki til þess að fjarlægja óhræinindi úr eldsneytiskerfinu
  - Notkun gamals eldsneytis (meira en eins mánaðar gamalt) eða eldsneytis sem innheldur meira en 10% etanol eða meira en 15% MTBE
  - Eldsneytiskerfi er ekki tæmt fyrir fyrrisjáanlega stöðvun í meira en einn mánuð

## Almennir skilmálar

Allar viðgerðir sem falla undir þessa ábyrgð þarf að framkvæma hjá vottuðum þjónustu- og söluaðila Toro með samþykktum varahlutum frá Toro.

**Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company ber ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð.**

**Öll óbein ábyrgð á söluhæfni (að varan sé hæf til notkunar í venjulegum tilgangi) og hæfi til notkunar (að varan sé hæf til notkunar í sérstökum tilgangi) er takmörkuð við gildistíma beinu ábyrgðarinnar.**

**Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig.**

Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

## Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur utan Bandaríkjanna eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflytjanda Toro. Ef allt annað bregst geturðu haft samband við okkur hjá Toro Warranty Company.

**Áströlsk neytendalöggjöf:** Viðskiptavinir í Ástralíu geta fundið upplýsingar sem tengjast ástralskri neytendalöggjöf annaðhvort í umbúðunum eða hjá næsta söluaðila Toro.  
374-0252 Rev G